

Fundargerð XXIV. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. september til 1. október 2010

Árið 2010, þann 29. september var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sett kl. 16:00 í menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

1. Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Ræða hans ásamt glærum er birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og er vísað til efnis ræðunnar þar.

2. Kosning starfsmanna þingsins

- a) Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Geir Kristinn Aðalsteinsson, Akureyrarkaupstað, og Drífa Kristjánsdóttir, Bláskógabyggð.
- b) Kosning tveggja þingritara. Kosin voru: Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, og Leó Örn Þorleifsson, Húnaþingi vestra.
- c) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Ísólfur Gylfi Pálmason, Rangárþingi eystra, Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi, og Elsa Hrafnhildur Yeoman, Reykjavíkurborg.
- d) Kosning 7 manna nefndar til að fjalla um tillögur til lagabreytinga. Kosin voru: Elín R. Línadal, Húnaþingi vestra, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir Tálknafjarðarhreppi, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Rangárþingi ytra, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir Hafnarfjarðarkaupstað, Kjartan Magnússon, Reykjavíkurborg, Ólafur Þór Ólafsson, Sandgerðisbæ, og Stefán Bogi Sveinsson, Fljótshlíð.

3. Erindi

Sveitarstjórnarstigið fyrr og nú. Smári Geirsson fv. bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð.

Í erindi sínu um sveitarstjórnarstigið fyrr og nú fór Smári eðli máls yfir hin ýmsu málefni af löngum ferli. Lagði hann áherslu á að sveitarstjórnarmenn kynntu sér vel hlutverk og verkefni landshlutasamtaka og sambandsins ekki síður en hlutverk og verkefni eigin sveitarfélags. Ræddi hann m.a. um að nú væru fjölmörg námskeið á vegum sambandsins haldin og þau væru almennt vel sótt af fulltrúum smærri sveitarfélaga en síður af fulltrúum stærri sveitarfélaga. Daglegt starf sveitarstjórnarmanna snýst sífellt meira um þjónustustarfsemi og vísaði hann þá m.a. til málefna fatlaðra og aldraðra. Smári ræddi um kjaramál sveitarstjórnarmanna og bæjarstjóra og nefndi þá hugmynd að sérstakur hópur yrði skipaður til að meta störf og laun þessara

aðila. Hann benti á að upplýsingar um störf sveitarstjórnarmanna hefðu batnað með tímanum. Flokkapólitík hafi áður verið meiri og skýrari línur milli meiri- og minnihluta. Samskiptastjórnmál hefðu aukist sem væri af hinu góða. Sveitarfélögum hefði fækkað talsvert og fleiri konur sitja nú í sveitarstjórnnum en áður. Almennt væri starfið lærdómsríkt og hefði verið sér mikil lífsreynsla.

Þjónusta við íbúa í erfiðu árferði. Hann Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.

Hanna Birna Kristjánsdóttir fjallaði um þjónustu við íbúa í erfiðu árferði. Hún fór yfir þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað á sveitarstjórnarstiginu á 2 sl. árum og horfði til framtíðar í þeim efnum. Rifjaði hún upp gömul kosningaloforð frá árinu 2006 sem öll áttu það sameiginlegt að vera óábyrg risakosningaloforð. Kosningaloforðin rímuðu vel við þá siði og þann anda sem var ríkjandi í samfélaginu. Þetta voru og eru erfið viðfangsefni á þessum tímum. Sveitarfélögin hafa leyst verkefnið vel, að halda uppi góðri þjónustu á erfiðum tímum og það er einkum þrennt að mati Hönnu Birnu sem varð til þess að vel tókst til:

- a) Sveitarfélögin brugðust strax við til að takast á við efnahagsvandann.
- b) Sveitarstjórnarmenn og konur höfðu þroska til þess að horfa framhjá flokkslínunum og fóru að vinna meira saman í leit að leiðum og lausnum til að halda í góða þjónustu á erfiðum tímum.
- c) Sveitarstjórnarmenn gáfu sér tíma til að upplýsa íbúa og starfsfólk. Jafnframt leituðu sveitarstjórnarmenn meira til íbúa, starfsfólks og hvers annars í leit að góðum hugmyndum, leiðum og lausnum.

Viðhorf íbúa til þjónustu hjálpaði líka til á þessum tímum. Mikilvægt er að ræða við íbúa um hvaða þjónusta á að vera grunnþjónusta sem alltaf á að vera eins og hvaða þjónustupættir þola meiri sveigjanleika. Sveitarstjórnarmenn og konur þurfa að sýna þor við að fara nýjar leiðir og auka samráð við íbúa. Stærstu skrefin í átt til betra samfélags, meiri lífsgæða og stjórnmála verða á sviði sveitarstjórnarmála.

4. Breytt skipulag á sviði kjaramála

Gunnar Einarsson og Elín R. Línadal kynntu fyrirhugaðar breytingar sem fela í sér að launanefnd sveitarfélaga verði lögð niður og verkefni hennar verði færð inn til stjórnar. Elín kynnti tillögur um breytingar á lögum sambandsins sem fylgdu fundargögnum. Ákveðið að vísa tillögunum til laganefndar.

5. Mál sem þingfulltrúar leggja fram – Almennar umræður

Þessir tóku til máls: Jón Jósef Bjarnason Mosfellsbæ, Halldór Halldórsson, formaður sambandsins og Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, formaður launanevndar sveitarfélaga. Bornar voru fram tillögur frá Jóni Jósef Bjarnasyni og Halldór Halldórsson gerðir þá tillögu að ályktun 6 yrði vísað til lýðræðishópsins á landsþinginu og aðrar tillögur til nýrrar stjórnar. Tillagan samþykkt með einu mótatkvæði.

Þinghaldi frestað til kl. 09:00 30. september 2010.

Þingfundi framhaldið 30. september 2010 kl. 09:00.

6. Erindi

Staða lýðræðis og samskipti við íbúana. Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

Í erindi sínu fjallaði Gunnar Helgi um stöðu lýðræðis í sveitarfélögum og samskipti íbúanna við sveitarfélög. Hann gerði grein fyrir rannsókn um þetta efni og helstu niðurstöðum hennar. Þar kemur m.a. fram að virkni fólks í sínu nærumhverfi hefur farið vaxandi. Tiltrú fólks á stjórnarmálflokkum hefur aftur á móti minnkað og kemur það hve best fram í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Hann ræddi um fulltrúalýðræði og beint lýðræði og gerði grein fyrir ánægju og óánægju með einstaka málaflokka sveitarfélaganna. Sérstaklega var gerð grein fyrir ánægjustuðli í skipulags- og byggingarmálum. Gerð var grein fyrir einstaka samskiptaformum við íbúana og áhrifum þess á ánægjustuðul.

Fjármálareglur – hagstjórnarsamningur ríkis og sveitarfélaga. Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins.

Karl kynnti drög að fjármálareglum sveitarfélaga og fór yfir aðdraganda þeirra. Að öðru leyti er vísað í glærur Karls.

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga. Björk Vilhelmsdóttir fór yfir drög að frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga.

Björk kynnti helstu breytingar og dró fram megin álitaefni sem er að finna í drögunum. Að öðru leyti er vísað í glærur með punktum úr erindinu á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

7. Ávarp

Efling sveitarstjórnarstigsins. Ögmundur Jónasson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Ögmundur óskaði sveitarstjórnarmönnum til hamingju með lýðræðislegt umboð sitt og hvatti til þess að það yrði nýtt til góðra verka. Fór hann yfir þá

ákvörðun Alþingis að vísa málum/störfum fyrrverandi forsætisráðherra til Landsdóms. Undirstrikaði hann að þetta væri ekki persónulegt, og taldi mikilvægt að sveitarstjórnarmenn skyldu skoða sín störf og hvort þau standist lög. Ögmundur fór yfir tækifæri í stjórnsýslunni með sameiningu ráðuneyta og málaflokka. Efling sveitarstjórnarstigsins er efling nærþjónustu við íbúa. Ögmundur sér fyrir sér fjölkjarna þjónustumiðstöðvar víða um land sem væru á hendi sveitarfélaga og að þessar þjónustumiðstöðvar gætu tekið að sér verkefni sýslumannsembættanna sem verður fækkað allverulega. Vill hann gefa sér góðan tíma í þessar breytingar. Ögmundur leggur mikla áherslu á gott samstarf við sveitarstjórnarmenn. Hann sér eflingu sveitarstjórnarstigsins með þessum hætti:

- a) Flutningur verkefna til sveitarfélaga
- b) Tekjustofnar efldir, breikkaðir og stækkaðir
- c) Betri skilyrði til að veita góða þjónustu með sameiningu sveitarfélaga eða aukinni samvinnu

Unnið hefur verið að eflingu sveitarstjórnarstigsins með flutningi málefna fatlaðra. Næstu verkefni eru að flytja málefni aldraðra og skoða flutning framhaldsskólanna í stigum. Þar mætti horfa til þess að nokkur sveitarfélög yrðu tilraunasveitarfélög alveg eins og gert var með málefni fatlaðra. Ögmundur fór yfir ný drög að sveitarstjórnarlögum og vonast til að geta lagt frumvarpið fram í nóvember. Að lokum lagði hann áherslu á að sameiningar sveitarfélaga væru mikilvægar en þó það væri ekki gert með valdboði.

8. Álit kjörbréfanefndar

Ísólfur Gylfi Pálmason kynnti álit kjörbréfanefndar svohljóðandi:

Kjörbréf hafa borist frá 74 sveitarfélögum af 76. Nefndin hefur yfirfarið kjörbréfin og eru þau öll gild og gerir nefndin því engar athugasemdir við þau. Á landsþinginu eiga seturétt 153 fulltrúar sveitarfélaganna með atkvæðisrétti. Mættir eru 142 fulltrúar frá 71 sveitarfélagi. Þá eru á þinginu mættir 60 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

9. Að taka þátt í landsþingi

Umfjöllun annars vegar gamalreynds og hins vegar nýs sveitarstjórnarmanns. Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, og Jón Gnarr, borgarstjóri í Reykjavík.

10. Almennar umræður

Þessir tóku til máls: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Rangárþing eystra, Haraldur Sverrisson Mosfellsbær, Kristinn Jónasson Snæfellsbær, Jón Jósef Bjarnason Mosfellsbær, Elliði Vignisson Vestmannaeyjabær, Sóley

Tómasdóttir Reykjavíkurborg, Bjarni Jónsson, Sveitarfélagið Skagafjörður, Ásgerður Halldórsdóttir Seltjarnarneskaupstaður, Dagur B. Eggertsson Reykjavíkurborg, Halldór Halldórsson, formaður sambandsins.

Þinghaldi frestað kl. 12:00 til 1. október kl. 09:30.

11. Niðurstöður umræðna í hópum

a) Lýðræðið í breyttu umhverfi

Sigurborg Hannesdóttir hópstjóri kynnti niðurstöður hópsins. Þau skoðuðu lýðræðiskaflann í nýju sveitarstjórnarlögunum, ræddu persónukjör og sameiningar sveitarfélaga. Lagðar voru fram þrjár tillögur til stjórnar.

Umræður: Arnbjörg Sveinsdóttir.

b) Hlutverk sveitarfélaga í uppbyggingu eftir hrun

Eiríkur Björn Björgvinsson hópstjóri greindi frá umræðum. Lögð var áhersla á samvinnu sveitarfélaga og eflingu landshlutasamtaka.

Umræður: Þorvaldur Jóhannesson, Jón Þór Lúðvíksson, Ragnar Frank Kristjánsson, Páll Brynjarsson, Oddur Helgi Halldórsson. Eiríkur Björn Björgvinsson svaraði spurningum og lagði til að umræðupunktum væri vísað til stjórnar.

c) Velferðarþjónusta og rekstur í erfiðu árferði

Oddný Sturludóttir greindi frá niðurstöðum hópstarfsins. Rætt var um skólastarf og mikilvægi þess að geta aukið svigrúm og sveigjanleika. Ósveigjanlegir kjarasamningar og sveigjanlegt skólastarf eiga ekki samleið. Hugsa þarf kerfið upp á nýtt þegar kemur að niðurskurði. Rætt var líka um fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi og yfirfærslu málefna fatlaðra.

Umræður: Rannveig Ásgeirsdóttir, Jón Þór Lúðvíksson.

Ályktun vísað til stjórnar.

d) Fjármál sveitarfélaga, verkefnaflutningur og fjármálaleg samskipti við ríkið.

Svanfríður Jónasdóttir greindi frá umræðu í hópnum. Farið var yfir skýrslu um fjármálareglur og komu fram ábendingar um þær. Almenn ánægja var með fjármálareglurnar þó þarf að taka nokkur atriði til skoðunar eins og skuldaviðmiðið. Rætt um hlutverk jöfnunarsjóðs og flutning málefna fatlaðra.

Umræður: Ólafur Sigurðsson, Kristinn Þór Jakobsson, Daníel Jakobsson, Ásta Pálmadóttir, Gunnlaugur Júlíusson.

12. Tillögur kjörnefndar og kosningar

Stefán Bogi Sveinsson kynnti álit laganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu stjórnar sambandsins að breytingum á lögum sambandsins. Álitið lagt fram til kynningar með tveimur tillögum.

Umræður: Oddur Helgi Halldórsson, Sóley Tómasdóttir, Ómar Stefánsson, Stefán Bogi Sveinsson.

Tillaga 1 samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Tillaga 2 samþykkt með miklum meirihluta atkvæða. Fjórir greiddu á móti.

Erling Ásgeirsson formaður kjörnefndar gerir grein fyrir tillögum nefndarinnar og tilnefningum.

Halldór Halldórsson formaður sambandsins endurkjörinn. Ekkert mótframboð barst.

Tillaga kjörnefndar um stjórn sambandsins samþykkt án mótframboða. Í stjórn sambandsins voru eftirtaldir kosnir sem aðalmenn: Hann Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Óttar Ólafur Proppé, Guðríður Arnardóttir, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Halldór Halldórsson, Gunnlaugur Stefánsson, Eiríkur B. Björgvinsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Jórunn Einarsdóttir.

Varamenn: Júlíus Vífill Ingvarsson, Oddný Sturludóttir, Björk Vilhelmsdóttir, Guðmundur R. Árnason, Haraldur Sverrisson, Sigríður G. Bjarnadóttir, Björn Bjarki Þorsteinsson, Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Böðvar Jónsson, Bjarni Harðarson.

Skoðunarmenn voru kjörnir eftir tilnefningu kjörstjórnar.

Aðalmenn: Steinþór Einarsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir.

Varamenn: Gunnar Sigurðsson, Sigríður Magnúsdóttir.

Halldór Halldórsson nýkjörinn formaður flutti þakkarræðu og sleit XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga kl. 11:50.

*Arna Lára Jónsdóttir
Leó Örn Þorleifsson*